

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs, haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2019 á Grand hóteli Reykjavík, Háteig 4. hæð, Sigtúni 38, Reykjavík. Fundurinn hófst kl. 17:00.

Mætt voru til fundarins fulltrúar úr stjórn Birtu, framkvæmdastjóri, 69 skipaðir fulltrúar auk annarra sjóðfélaga. 16 voru mættir úr hópi atvinnurekenda og 53 fulltrúar launamanna sem fóru með 55 atkvæði. Samtals voru atkvæðin því 71 talsins með umboðum.

Jakob Tryggvason stjórnarformaður Birtu setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Jakob gerði tillögu um Finnbjörn A. Hermannsson sem fundarstjóra og var sú tillaga samþykkt. Finnbjörn tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Írisi Önnu Skúladóttur sem fundarritara og var hún einnig samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins en hann var auglýstur með rafrænu fundarboði til aðildarfélaganna og aðildarfyrirtækja, dagsettu 11. mars 2019. Var hann að auki auglýstur í Fréttablaðinu og í Morgunblaðinu 23. mars. Þá var hann auglýstur á Ríkisútvarpinu 3. og 11. apríl. Loks voru fulltrúar minntir á fundinn með rafrænu fundarboði viku fyrir fund og aftur degi fyrir fund. Hringt var í þann sem ekki er með netfang. Lýsti fundarstjóri fundinn því lögmætan og var gengið til dagskrár.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Starfskjarastefna sjóðsins
6. Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins
7. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1
8. Kjör endurskoðanda
9. Kjör nefndar um laun stjórnarmanna
10. Tillögur um breytingar á samþykktum
11. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Jakob Tryggvason, stjórnarformaður Birtu, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.

Sameiningin skilaði því sem til var ætlast af henni. Aukið hagræði, aukin skilvirkni og bætt þjónusta. Rekstrarkostnaður lækkaði á milli ára og er kostnaðarvitund mikil hjá sjóðnum. Afkoman var viðunandi á árinu, 5,04% nafnávöxtun sem samsvarar 1,74% raunávöxtun. Aðstæður á erlendum mörkuðum voru óhagfelldar í lok árs 2018. Erlendar eignir jukust og eru komnar yfir 28% af heild. Ítarlegar upplýsingar um fjárfestingar er að finna á heimasíðu Birtu og ítarlegri en aðrir sjóðir hafa birt.

Stjórnin leggur áherslu á langtímafjárfestingar og samfélagslega ábyrgð. Ný sjóðfélagalán voru um 700 á árinu 2018 og námu 14 milljörðum króna. Vextir á sjóðfélagalánum Birtu eru með því lægsta sem gerist. Nefnir hann sem dæmi um langtímafjárfestingu að sjóðurinn gæti tekið þátt í uppbyggingu nýs Tækniskóla án þess að gefa afslátt af arðsemiskröfu og eins nefnir hann sem samfélagsverkefni, að Birta hafi tekið þátt í skógræktarverkefni til þess að jafna kolefnisspor starfseminnar. Fleiri ráðstafanir hafi verið gerðar og fleiri séu í þípunum, líkt og að koma upp grænu bókhaldi.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 3,86%. Formaður telur lífeyrissjóði eiga við ímyndarvanda að stíða og að skerðingar almannatrygginga eigi þar stóran hlut að máli. Landssamtökin og bakland lífeyrissjóða eru þessu sammála og mæla gegn þessum skerðingum.

Handwritten signatures in blue ink, including the name "JTB" and other illegible marks.

Pakkar hann stjórn og starfsfólki fyrir góð störf, einkum þeim sem látið hafi af störfum nýverið vegna aldurs eða skipulagsbreytinga.

2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu, kynnti ársreikninginn.

Ársreikningurinn og ársskýrslan hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um fjárhag sjóðsins og er ársreikningur samþykktur af endurskoðanda án athugasemda og einnig yfirfarinn af endurskoðunarnefnd Birtu og stjórn. Heilt yfir sýnir reikningurinn áætan vöxt í iðgjöldum. Framlag launagreiðanda hefur hækkað í 11,5%. Iðgjaldið er komið í 17,5 milljarða. Sjóðfélögum fjölga lítillega á milli ára og greiðir til okkar fjölbreyttur hópur. Greiddir voru 10,5 milljarðar í lífeyri árið 2018. Greiðslukerfið er áreiðanlegt og hafa ekki komið upp hnökrar eftir að hann hóf störf 2005.

Afkoman á árinu var viðunandi. Það sem lukkaðist best á árinu er 9,7% lækkun kostnaðar. Kostnaðarhlutfall er þannig komið niður í 0,19% af meðalstöðu eigna.

Græn spor hafa verið stigin í Birtu, ekki síður til þess að lækka rekstrarkostnað. Umhverfisvitund er því ekki síður kostnaðarvitund. Markmiðið er að tæknin aðstoði áfram við að draga úr kostnaði, auka þjónustu og spara sjóðfélögum ferðir til sjóðsins vegna aukinna rafrænnar samskipta.

Sjóðurinn birtir óendurskoðaða skýringu um ófjárhagslegar upplýsingar og er kallað eftir sjónarmiðum sjóðfélaga. Vilji sjóðsins sé að birta sjóðfélögum allar þær upplýsingar sem við eiga.

Ávöxtun var undir væntingum 2018, 1,74% raunávöxtun og 5,04% nafnávöxtun. Fimm ára raunávöxtun er þó í samræmi við það sem stefnt var að en hún er 4,09%. Birta bókar skuldabréf á kaupkröfu en þar munar 13,6 milljörðum sem hækka mætti þær kröfur um sem við viljum eiga út líftíma þeirra. Ávöxtun innlendra hlutabréfa hefur í mörgum tilvikum verið betri en afkoma þeirra undanfarin misseri gefur til kynna. Við höfum til að mynda átt hlut í Origo, áður Nýherja, í 21 ár. Ávöxtunin er 12,6% á ársgrunni yfir tímabilið. Hlutturinn hefur þó oft verið undir kaupverði. Nú má sjá yfirlit yfir fjárfestingar og ávöxtun þeirra með skýrum hætti í ársskýrslunni. Gerðar voru breytingar á framsetningu sjóðsstreymis 2015 sem framkvæmdastjóra þykja ekki gefa alveg glögga mynd. Fór hann því yfir innstreymið 2018 sem nam 31,7 milljörðum króna. Veltan og sjóðstreymið er mikið og þegar lífeyrissjóðir eru bornir saman, skiptir máli að horfa í sjóðstreymið. Sjóðurinn þurfi að fjárfesta þar sem vaxtastigið sé lágt.

Fundarstjóri kynnrir Bjarna Guðmundsson, tryggingarstærðfræðing og bauð honum að fara yfir tryggingafræðilega athugun og stöðu Birtu vegna ársins 2018.

3. Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun snýst um hversu miklar skuldbindinar sjóðsins eru á móti eignum. Reiknilíkön byggja á forsendum um lífslíkur, örorkulíkur og vexti. Í ár eru töluverðar breytingar á reikniverkinu hvað varðar lífs- og örorkulíkur. Stuðst er við nýjan reiknigrundvöll sem félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur unnið að síðast liðin tvö ár. Hann byggir á gögnum sem safnað var frá íslenskum lífeyrissjóðum og hefur að geyma nýjar nálganir. Þannig er eingögnu horft til upplýsinga um sjóðfélaga lífeyrissjóða hvað lífslíkur varðar, en ekki lífslíkur allra íslendinga eins og áður var gert. Lífeyrisréttur gefur einhverjar vísbendingar um heilsu. Annað sem er nýtt er að mismunandi lífslíkur eru fyrir virka sjóðfélaga annars vegar og öryrkja hins vegar. Athugun var gerð af Landssamtökum lífeyrissjóða árið 2013 sem sýnir að töluverður munur er á lífslíkum þessara hópa. Í gögnum frá Hagstofu eru ekki upplýsingar um það hvort fólk hafi orðið öryrkjar eða ekki. Núna var einnig horft á

endurhæfingarlíkur. Laga þarf reiknigrunn að reynslu hvers sjóðs fyrir sig vegna breytilegs baklands. Aðeins þurfti að aðlaga nýgengi örorku hjá Birtu. Þar er notast við 67% af meðal nýgengi örorku fyrir karla og 107% fyrir konur. Síðast var 80% af meðaltali fyrir bæði karla og konur en nú erum við með alla lífeyrissjóði undir en áður vantaði LSR og lífeyrissjóði í vörslu banka, sem eru með lága örorkutíðni. Það að fara úr 80% í 67% lækkar matið á örorkubyrðinni töluvert. Hins vegar hækkar mat á lífeyrisskuldbindingum sem vegur hærra og því er heildarniðurstaðan hækkun á skuldbindingum. Við sjáum að niðurstaðan er örlítið lakari en í fyrra en þó vel innan þeirra marka sem lög um lífeyrissjóði setja sem viðmið um kröfu til að bregðast við. 3,86% neikvæð tryggingafræðileg staða er eftir árið 2018 en hún var 3,4% árið áður. Áfallin staða fer þannig úr -6% í -7,1%. Ávöxtun náði ekki 3,5% viðmiðinu og hefur það áhrif. Staðan er þannig þokkaleg að mati Bjarna.

Fundarstjóri opnar fyrir almennar umræður um dagskrárliði 1 – 3 áður en gengið er verður til atkvæðagreiðslu.

Rúnar Bachmann, formaður fulltrúaráðs, tekur fyrstur til máls og vísar í skýrslu formanns stjórnar Birtu þegar rætt var um stöðu lífeyrissjóðanna. Tekur hann undir mikilvægi þess að afnema skerðingar Tryggingastofnunar. Þetta sé mál sem lengi hafi brunnið á sjóðfélögum og ætti að leiðrétta aftur í tímann að hans mati. Grái herinn, félags eldri borgara, undirbýr málssókn vegna þessa. Safnast hafa um 500.000 kr. í málssóknarsjóð. Telur hann að samtök sem hafi hagsmuni af þessari málsókn ættu að taka höndum saman og styrkja framtakið. Beindi hann því til stjórnar sjóðsins og starfsmanna að styðja málefnið bæði málefnalega og fjárhagslega líkt og hann á von á að stéttarfélög muni gera. Að lokum gerði hann athugasemd við að í efnahagsreikningi sé talað um hreina eign til greiðslu lífeyris en honum þætti betur fara á því að nefna þetta hreina sameign sjóðfélaga.

Sigurður Sigfússon tekur næstur til máls. Varðandi fjáröflun Gráa hersins vildi hann koma á framfæri að samþykkt hefði verið hjá stjórn VR að veita málefninu fjárstyrk að fjárhæð 1.000.000 m.kr.

Fram kom í rafrænu skeyti frá Félagi málmiðnaðarmanna á Akureyri (FMA) að þeir hyggist styrkja baráttu Gráa hersins um 200.000 kr.

Borghór Hjörvarsson vildi hrósa Jakobi Tryggvasyni fyrir hugmyndina um að sjóðurinn kæmi að fjármögnun byggingar nýs skólahúss undir iðnnám. Þótti honum jákvætt fyrir lífeyrissjóðinn að fjárfesta í slíku málefni.

Jóhannes Tryggvason frá Félagi kvikmyndagerðamanna benti á að í ársskýrslu komi fram að 28% iðgjalda komi frá ótilgreindum aðilum. Aðeins er sýnd sundurliðun fyrir 15 stærstu Ísal flokkana. Spurði hann hvort fyrir lægi hversu mikið hlutfall komi frá skapandi greinum.

Helgi Steinar Karlsson tekur næstur til máls. Vildi hann fá nánari skýringar á því hvers konar fjármögnun þetta yrði, tengd Tækniskólanum. Hvort hún yrði í formi lánveitingar eða fjárstyrks.

Þorbjörn Guðmundsson bendir á í tengslum við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins að ljóst sé að skuldbindingar fari vaxandi með tilliti til hækkandi lífaldurs. Lengi hafi verið í umræðunni að bregðast við þessu. 2012-13 hafi til að mynda verið rætt um að hækka lífeyristökualdurinn í takt við hækkandi lífaldur. Stapi hefur farið þá leið að jafna hlutfall eigna og skuldbindinga ár hvert, þannig að sjóðurinn sé rétt stemmdur af á hverjum tíma. Síðan sé það þekkt leið að skerða með formlegum og reglubundnum hætti á 2-4 ára fresti. Spyr hann hvort stjórn hafi rætt þetta mál og myndað sér stefnu hvað það varðar.

Kristján Þórður Snæbjarnarson tekur undir orð Rúnars varðandi baráttu Gráa hersins. Skerðing TR sé afar óréttlátt og hagsmunahópar þurfi að taka höndum saman til þess að stoppa þessa atögu að sjóðfélögum. Kerfið hafi verið byggt á öðrum stöðum. RSÍ mun ræða málið á miðstjórnarfundum á morgun og vonandi leggja málefnið einhvern liðsstyrk og skora jafnframt á aðra hópa að gera það sama. Tekið er undir hugmyndina um að koma að byggingu skólahúsnæðiss. Brýnt sé fyrir okkar hóp að hafa gott skólahúsnæði.

Kristinn Jóhannsson dregur í efa ágæti byggingar skólahúss. Segir hann sjóðinn eiga í Reginn og telur að hægt væri að koma að framkvæmdinni í gegn um eign í fagsjóðum.

Úlfar Hróarsson segir það tilgang og hlutverk sjóðsins að taka við iðgjöldum, ávaxta þau og greiða út í formi lífeyris. Iðgjaldainnheimtan gangi vel en ávöxtunin sé hörmung. Spyr hann hvers megi vænta þegar að töku lífeyris komi, þ.e. hversu háu hlutfalli af reglulegum launatekjum.

Fleiri spurningar komu ekki fram. Jakob Tryggvason tekur fyrstur til máls og svarar umræðum og fyrirspurnum um mögulega þáttöku sjóðsins í byggingu skólahúsnæðis. Segir hann umræðuna hafa átt sér stað innan stjórnar. Sé það mat þeirra að almennur vilji sé til þess að efla iðn- og tækninám landsins. Tækniskólinn sé þar gott dæmi. Segir hann fregnir af myglu hafa komið úr almennum fréttaflytningi. Sjóðurinn geti tekið þátt í uppbyggingu í formi lánveitinga sem væru ekki til þess fallnar að veita afslátt af arðsemiskröfu.

Ólafur Sigurðsson tekur næstur til máls. Hann byrjar á að svara Úlfari. Hann sé ekki sammála því að ávöxtun sé hörmung en hún sé rétt undir viðmiði á 10 ára grundvelli. Segir hann að þess sé að vænta að fá 62% af meðallaunum ef þau væru stöðug og það sé með því betra sem gerist. Ef ávöxtun er ekki hærri en 3,5% næst það þó ekki eins og gefur að skilja. Búið er að svara því að sjóðurinn ætli sér ekki að veita styrki til byggingar nýs skólahúsnæðis. Næst svarar hann Jóhanni því til að skapandi greinar séu ekki snar þáttur í fjárfestingum sjóðsins. Eldey sé sjóður sem fjárfesti að einhverju leyti í skapandi greinum en að öðru leyti hafi litlu fé verið fjárfest í skapandi greinar. Jóhann áréttar að verið sé að reyna að greina hverju skapandi greinar skili til samfélagsins. Ólafur segir Ísal staðalinn ekki gefa glögga mynd af því en það væri óskandi. Hann telji ekki stóran hluta iðgjalda koma frá skapandi greinum. Svarar Ólafur því næst Þorbirni. Segir hann stjórn meðvitaða um að áfallin staða sé neikvæð og eins hafi verið rætt hvað gera skuli því ekki sé hægt að reka hann lengi í halla. Ef við flytjum rétt í sérstakan sjóð sem greiðir lífeyri getur verið erfitt að tryggja fjármunina örugglega. Flesir séu þó sammála því að markmiðið sé að reka sjóðinn sem næst jafnvægi á hverju ári.

Fundarstjóri ávarpar hópinn og spyr hvort einhverjum þyki hann ekki hafa fengið svar við spurningu sinni. Svo reyndist ekki vera. Var því mælendaskrá lokað og gengið til atkvæðagreiðslu um ársreikninginn.

Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum. Næst var komið að yfirferð á fjárfestingarstefnu sjóðsins og bauð fundarstjóri Soffiu Gunnarsdóttur, forstöðumann eignastýringarsviðs, að gera grein fyrir henni.

4. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð af stjórn með aðkomu fjárfestingaráðs á grundvelli laga um lífeyrissjóði og reglugerðar um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða með síðari breytingum. Val og vægi eignaflokka takmarkast að mestu leyti af lögbundnum fjárfestingarheimildum, reglum sem sjóðurinn setur sér, langtíma skuldbindingum hans og aðstæðum á markaði hverju sinni.

Birta er langtímafjárfestir og hagar fjárfestingum samkvæmt því. Efri og neðri vikiörk segja hversu mikið eign í viðkomandi eignarflokki má sveiflast upp og niður frá markmiðinu. Sýndi hún breytingar stærstu eignaflokka milli ára. Talsverð aukning eða 2,5% varð í flokknum fasteignaveðtryggð skuldabréf. Óhefðbundnar fjárfestingar samstanda af framtaksfjárfestingum sem eru að mestu leyti óskráð hlutabréf og framtakssjóðir. Sá flokkur skilaði hvað bestri ávöxtun á seinasta ári eða 8,9% nafnávöxtun sem svarar til 12,4% raunávöxtunar. Skuldabréfaeign Birtu jókst um 1% milli ára.

Tilgreinda séreignin kom til sögunnar á árinu 2017. Hún er smá í fjárhæðum en um síðastliðin áramót stóð hún í um 370 m.kr. Hún samanstendur af fimm eignaflokkum í dag. Hrein raunávöxtun á árinu 2018 var neikvæð um 3,13% sem samsvarar 0,02% raunávöxtun. Raunávöxtun m.v. 1.4.2019 er 7,14% sem samsvarar 10,34% raunávöxtun.

Séreignarleiðir Birtu eru ólíkar, allt frá því að vera 100% innlán yfir í blöndu hluta- og skuldabréfa. Nafnávöxtun innlánsleiðar var 5,33% sem svarar til 2,02% raunávöxtunar. Skuldabréfaleiðin var með 6,92% nafnávöxtun sem svarar til 3,55% raunávöxtunar og blandaða leiðin var með 2,05% nafnávöxtun eða -1,17% raun.

Í eigendastefnu birtir sjóðurinn yfirlit yfir atkvæðagreiðslur og tillögur Birtu á aðalfundum skráðra hlutafélaga og eru þær upplýsingar aðgengilegar á heimasíðu Birtu.

Fundarstjóri gaf orðið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins. Enginn hvað sér hljóðs. Næst bauð hann formanni stjórnar, Jakob Tryggvasyni, að fara yfir starfskjarastefnu sjóðsins.

5. Starfskjarastefna sjóðsins

Stefnan leiðir af samþykktum og kjarasamningi SA og ASÍ um lífeyrismál. Nokkrar breytingar liggja fyrir. Sú fyrsta snýr að 2. grein og leiðir af kjarasamningi. Gert er ráð fyrir því að formaður stjórnar sé í launanevnd en kaus stjórn að túlka samninginn þannig að hann hafi seturétt á fundum nefndar en ekki tillögurétt um eigin starfskjör.

Næsta tillaga snýr að grein 3. Þar er lagt til að orðið frammistaða sé notað í stað árangurs þegar rætt er um starfskjör þar sem skýrt sé tekið fram að starfskjör séu ekki árangurstengd.

Í grein 4 er til skýringar skipt út orðinu sjóðstjórn fyrir stjórn sjóðsins.

Í grein 5 er orðinu skrifstofustjóri skipt út fyrir forstöðumann rekstrarsviðs en stöðugildið hefur fengið nýtt nafn.

Í 8. grein er orðið „og“ fellt brott en því er þar ofaukið.

Gaf fundarstjóri orðið laust um breytingar á starfskjarastefnu. Enginn kvað sér hljóðs. Voru þær bornar upp samtímis þar sem engin mótmælti þeirri málsmeðferð og voru þær samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Næsti dagskrárliður fjallar um laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins.

6. Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins

Launanevnd er starfrækt hjá Birtu. Tillaga hennar er að laun stjórnar hækki um 95% af hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands frá mars 2018 til febrúar 2019. Hækkun vísitölu var 5,3% á tímabilinu en 95% af hækkuninni er því 5,04%. Upphæðir eru námundaðar.

FROH
JAS

Tillaga launaneftndar er því svohljóðandi:

Aðalmenn stjórnar: 106.000 kr. (áður 101.000 kr.)

Formaður stjórnar: 212.000 kr. (áður 202.000 kr.)

Varaformaður stjórnar: 159.000 kr. (151.500 kr.)

Varamenn stjórnar: 23.500 kr. (mánaðarleg greiðsla, ef varamaður situr stjórnarfund þá fær hann full laun aðlmanns þann mánuðinn) (áður 22.500 kr.)

Í launaneftnd eru Jóhann Rúnar Sigurðsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson af hálfu launamanna og Jón Sigurðsson og Bára Mjöll Ágústsdóttir af hálfu atvinnurekenda.

Var orðið gefið laust um tillöguna og fyrstur tók til máls Kristinn Jóhannsson og spurðu hann hversu margir fundir væru hér um bil á mánuði á bak við launin. Var því svarað til að á seinasta ári hefðu verið 14 stjórnarfundir en bendir fundarstjóri jafnframt á að af fenginni reynslu sé meiri vinna á bak við stjórnarsetu en aðeins fundarsetan. Allir samþykktu tillögu launaneftndar að einu atkvæði undanskildu.

7. Stjórnarkjör, skv. grein 5.1

Kjörfundur í fulltrúaráði launamanna var haldinn 28. mars 2018 og fór þar fram stjórnarkjör launamanna og hlutu eftirfarandi aðilar kosningu:

Aðalmenn:

Hrönn Jónsdóttir, til 2020

Jakob Tryggvason, til 2020

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir, til 2021

Hilmar Harðarson, til 2021

Varamenn:

Bára Halldórsdóttir, til 2020

Garðar A. Garðarsson, til 2021

Samtök atvinnulífsins sendu Birtu skipunarbréf, dagsett 25. mars 2019, þar sem tilkynntir voru aðal- og varamenn í stjórn Birtu fyrir hönd atvinnurekenda en þeir eru eftirfarandi:

Aðalmenn:

Ingibjörg Ólafsdóttir, til 2020

Pálmar Óli Magnússon, til 2020

Davíð Hafsteinsson, til 2021

Guðrún Jónsdóttir, til 2021

Varamenn:

Bolli Árnason, til 2020

Guðbjörg Guðmundsdóttir, til 2021

Þetta er ný stjórn sem tekur til starfa að ársfundi loknum og var hún boðin velkomin með lófataki.

MS FEH

8. Kjör endurskoðanda

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er í dag Kristinn Kristinsson hjá PwC og er lagt til að hann yrði endurkjörinn. Var sú tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða.

9. Kjör nefndar um laun stjórnarmanna

Kosið var í nefnd um laun stjórnarmanna á stofnfundi sjóðsins 2016 til þriggja ára og í henni eru þeir aðilar sem nefndir voru hér að framan. Er hún að klára sitt þriðja starfsár og þarf því að endurnýja umboð sitt á þessum fundi. Allir aðilar nefndarinnar hafa gefið kost á sér til áframhaldandi setu í nefndinni og var sú tillaga að þau yrðu endurkjörin borin upp á fundinum og samþykkt samhljóða. Gerði Rúnar Bachmann það að tillögu sinni að kjör í launanevnd færi fram í baklandi sjóðsins hjá launamönnum annars vegar og atvinnurekendum hins vegar.

Næstar á dagskrá voru tillögur til breytinga á samþykktum og bað fundarstjóri Kristján Geir Pétursson lögmann sjóðsins að gera grein fyrir þeim.

10. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Breytingar samþykktu eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi breytingar sem leiða af kjarasamningi SA og ASÍ frá 24. apríl 2018, í öðru lagi breytingar sem leiða af tillögu Bjarna Guðmundssonar tryggingarstærðfræðings, um meðferð lífeyrisréttinda sem áunnin eru eftir 67 ára aldur og í þriðja lagi breytingar sem miða að samræmingu ákvæða og leiðréttingu innbyrðis tilvísana.

Í 5. grein er nýtt ákvæði sem gerir ráð fyrir tilvist tveggja valnefnda. Ný grein 5.1.1 er til þess að gera grein fyrir valnefd (uppstillinganefnd) hjá fulltrúum atvinnurekenda. Breyting á ákvæði 5.1.2, áður 5.1.1, er einnig um áréttingu þess að valnefnd sé starfrækt atvinnurekendamegin.

Í grein 5.1.3, áður 5.1.2, er lögð til breyting til þess að samræma starfsreglur nefnda og samþykktir. Gerir breytingin ráð fyrir því að framboð til stjórnar berist valnefnd, ekki kjörnefnd, sex vikum fyrir kjörfund í stað tveggja vikna.

Nýtt ákvæði 5.2. kveður á um 8 ára samfellda hámarkssetu aðalmanns í stjórn lífeyrissjóðs á samningssviði ASÍ og SA. Jafnframt megi viðkomandi ekki taka sæti í stjórn sem aðalmaður á samningssviðinu á ný fyrr en að þremur árum liðnum.

5.7.2, áður 5.6.2, er verið er að víkka út þannig að stjórnar- og starfsmenn sjóðsins, áður framkvæmdastjóri, skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Að lokum segir í greininni að um hæfi stjórnar og framkvæmdastjóra fari eftir stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningi ASÍ og SA auk þess sem stjórn skuli taka mið af leiðbeningum um góða stjórnarhætti.

Breytingar á 6. grein varða dagskrá ársfundar. Þar skal gera grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins. Áréttað er að gerð sé grein fyrir stjórnarkjöri en það sé ekki að fara fram á fundinum sjálfum.

Í grein 6.6. er bætt við áður nefndu ákvæði um að formaður stjórnar skuli hafa seturétt í launanevnd. Mönnum þótti ekki tilhlýðilegt að formaður hefði ákvörðunarrétt um eigin starfskjör en sjónarmið hans kunni engu að síður að vera þörf á fundum nefndarinnar til grundvallar ákvörðunar um starfskjör.

Ný tafla III er tekin í notkun en hún byggir á greinargerð Bjarna Guðmundssonar tryggingarstærðfræðings. Ekki hefur verið sérstök réttindafla fyrir réttindaöflun eftir 67 ára aldur

Handwritten signatures: *ASÍ* and *SA*.

heldur hefur verið notast við sama stuðul og iðgjöld sem greidd eru á 67. aldursári auk frestunaráhrifa. Með nýrri töflu er byggt á nákvæmari tryggingafræðilegum útreikningum. Að lokum er lagt til að núverandi tafla III, sem er eingreiðslutafla sem ekki á lengur við í dag, falli brott.

Að lokum er lögð til sú breyting að makalífeyrir vegna barna stofnast til 18 ára aldurs barnsins í stað 19 ára. Leiðréttingar verði gerðar á vísunum sbr. gr. 14.4 og 14.5 og viðeigandi breyting gerð á gildistökuákvæði.

Fundarstjóri gaf orðið laust um þessar breytingatillögur. Kristinn Jóhannsson kvað sér fyrstur hljóðs. Í sambandi við 8 ára hámarkssetu þótti honum það of langur tími. Hann lagði til breytingartillögu úr 8 ára hámarkssetu og 3ja ára hvíldartímabili yfir í 6 ár og 2 ár.

Þorbjörn tók til máls um tillögu Bjarna Guðmundssonar og spyr hvort þetta sé efnisleg breyting eða hvort hún hafi áhrif og þá hver áhrifin af henni séu á ávinnsluna.

Fleiri spurningar komu ekki fram. Fundarstjóri ákvað að taka tillögu Kristins Jóhannssonar til efnislegrar umræðu þó hún væri ekki lögð skriflega fram.

Bjarni Guðmundsson svarar Þorbirni á þá leið að þetta sé nákvæmari aðferð til þess að finna réttindaöflun fyrir þetta aldursbil til örlitillar lækkunar frá því sem nú sé. Tekur hann sem dæmi ávinnslu fyrir 10.000 kr. iðgjald. Ef ávinnslualdur er 67 ára og lífeyrisaldur 68 fari réttindin úr 756 kr. í 751 kr. Ef ávinnslualdur er 68 og lífeyrisaldur 69 fari upphæðin úr 811 kr. í 777 kr. Breytingin sé þannig lítilsháttar í krónum talið en aðferðin nákvæmari. Flestir lífeyrissjóðir aðrir hafa slíka töflu í samþykktum sínum.

Gengið var til atkvæðagreiðslu. Bar fundarstjóri fyrst upp breytingartillögu Kristins Jóhannssonar. Hlaut hún eitt atkvæði en önnur greidd atkvæði voru gegn tillögunni. Næst bar hann upp breytingatillögur er snúa að innleiðingu ákvæða kjarasamnings. Fyrst bar hann upp saman tillögur til breytinga á 5. og 6. grein. Voru þær samþykktar með öllum greiddum atkvæðum. Næst bar hann upp tillögur sem snúa að tryggingafræðilegu úttektinni og makalífeyri og voru þær einnig samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var komið að liðnum um önnur mál.

11. Önnur mál

Ein tillaga var löglega upp borin. Flutningsmaður tillögunnar, Óskar Guðmundsson, var fjarverandi og kynnti fundarstjóri tillöguna fyrir hans hönd. Hún fól í sér að sjóðurinn leitist við að fjárfesta ekki í fyrirtækjum á Íslandi sem sannarlega greiði stjórnendum sínum hærra laun en sem svara til sexfaldra miðgildislauna á mánuði eða um 3.708.000 krónur á mánuði tekjuárið 2019.

Ingi S. Ólafsson sagði að honum væri hugleikið að sjóðurinn yrði settur á núll á hverju ári. Sjóðurinn sé með meiri halla í ár en í fyrra en ef það kemur til þess að það þurfi að leiðrétta þetta verður það meiri skellur ef gert verði síðar. Þá sé með þessu verið að ganga á eignarétt þeirra sem eigi eftir að fá greitt úr sjóðnum. 9500 fái greitt úr sjóðnum núna en 18.000 eigi eftir að fá greitt úr sjóðnum sem eru að greiða inn í hann. Honum þykir réttlætismál að sjóðurinn sé settur á núll á hverju ári. Hann vill að fram komi á næsta ársfundi skýrt hvers vegna þetta sé ekki gert.

Þorbjörn Guðmundsson spyr hvort ekki sé möguleiki á því að leggja fram tillögu um málsmeðferðina á þessum fundi. Það yrði óheppilegt að fella og samþykkja tillöguna en ekki óeðlilegt að fundurinn beini henni til stjórnar. Eiga að vera til staðar ákveðin viðmið varðandi þetta? Eins sé

gagnrýnt að sjóðurinn fjárfesti í fyrirtækjum sem greiði ofurlaun. Hann leggur til að þessum málum verði skotið til stjórnar til efnislegrar umfjöllunar. Fundarstjóri lýstir því yfir að það verði bókað.

Andri Reyр Haraldsson segir skorta skýringar á því hvað þetta þýði fyrir sjóðinn. Mun sjóðurinn selja í fyrirtækjum sem ekki uppfylli kröfuna? Það þurfi að reikna út áhrifin en óábyrgt væri að samþykkja tillöguna að órannsókuðu máli. Hann tók því undir það sjónarmið að vísa tillögunni til stjórnar og jafnvel setja henni tímamörk svo málið dagi ekki uppi. Magni Rafn tekur undir að málinu skuli vísa til stjórnar sem skili af sér ítarlegri greinargerð á næsta aðalfundi svo málið dagi ekki uppi.

Ólafur Sigurðsson bendir á að kjörmenn setji stjórn eigendastefnu. Sjóðurinn reynir að meta á fundum félaga hvort laun séu hófleg hjá stjórnendum viðkomandi félags. Eftir á komi hins vegar í ljós að sjóðurinn hafi samþykkt laun sem eru aðeins yfir viðmiðum. Bendir Ólafur á að í ríflega helmingi fyrirtækja sem voru birtar ávöxtunartölur fyrir fyrr á fundinum séu laun yfir þessum viðmiðum sem tillagan geri ráð fyrir. Erlendar rannsóknir hafi sýnt að þegar vel gengur er hlutfallið hátt. Leitnin er þannig að þar sem rík ávöxtun er sé hlutfallið hátt. Í Marel sé margfeldið um 15,5 og í Össuri um 25,5 svo hlutfallið er víða vel yfir mörkum.


Fundarstjóri lagði til að tillögu Óskars Guðmundssonar yrði vísað til stjórnar. Fundurinn samþykkti það.

Gaf fundarstjóri Ólafi Sigurðssyni orðið vegna mannabreytinga sem eru að verða í stjórn Birtu. Ólafur vildi kveðja fráfarandi stjórnarmann, Gylfa Ingvarsson og þakka honum fyrir vel unnin störf. Vísaði hann á heimasíðu Birtu þar sem finna má upplýsingar um stjórnarmenn. Eins kvaddi hann Einar Hafsteinsson sem hefur verið aðeins skemur í stjórn. Voru þeim færðir blómvendir af þessu tilefni.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til þess að fundarritari og fundarstjóri fái að ganga frá fundargerð eftir fundinn og birta hana á heimasíðu sjóðsins og var því ekki mótmælt.

Þakkaði hann fyrir samveruna og sagði fundi slitið klukkan 19:09.


Finnbjörn A. Hermannsson, fundarstjóri


Íris Anna Skúladóttir, fundarritari

